

**105. afgreiðslufundur Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar (SBE)
haldinn á skrifstofu SBE, Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi, föstudaginn 30. janúar
2026 og hófst hann kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Jón Stefán Laxdal og Arnar Ólafsson.

Fundargerð ritaði: Jón Stefán Laxdal, Verkefnisstjóri byggingarmála.

Dagskrá:

1. Tjarnartún 12 - Einbýlishús 2022 - 2204011

Erindi dagsett 16.12.2025 þar sem Björn Sveinsson f.h. eiganda sækir um breytingu á áður samþykktum teikningum af einbýlishúsi á lóðinni Tjarnartún 12, Svalbarðsstrandarhreppi. Erindinu fylgja uppdrættir frá Birni Stefánssyni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

2. Helgafell - Umsókn um byggingarheimild - S2511001

Erindi dagsett 03.11.2025 þar sem Alkemia ehf. sækir um byggingaráform og byggingarleyfi fyrir þremur smáhýsum á lóðinni Helgafell, Svalbarðsstrandarhreppi. Erindinu fylgja uppdrættir frá Vilhjálmi Ægi Vilhjálmsyni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin.

3. Hranastaðir L152652 - Varphús byggingarleyfi - 2504019

Erindi dagsett 30.12.2025 þar sem Arnar Árnason sækir um breytingar á áður samþykktum teikningum fyrir varphænuhúsi á lóðinni Hranastaðir, Eyjafjarðarsveit. Erindinu fylgja uppfærðir uppdrættir frá Vigfúsi Halldórssyni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

4. Kotabyggð 7 - Umsókn um byggingarheimild - S2509012

Erindi dagsett 19.09.2025 þar sem Höfðahús-íbúðafélag ehf. sækir um byggingaráform og byggingarleyfi vegna viðbyggingar og breyttrar notkunar á frístundarhúsi á lóðinni Kotabyggð 7, Svalbarðsstrandarhreppi. Erindinu fylgja uppdrættir frá Ríkharði Oddsyni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi frestar erindinu með vísan í athugasemdarlista.

5. Hagaskógur 20 L235284 - byggingarleyfi einbýlishús - 2406014

Erindi dagsett 13. janúar 2026, þar sem Ragnar Guðmundsson f.h. eiganda sækir um breytingar á áður samþykktum teikningum af einbýlishúsi á lóðinni Hagaskógur 20, Hörgársveit. Erindinu fylgja uppdrættir frá Ragnari Guðmundssyni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00

Jón Stefán Laxdal

Arnar Ólafsson